

**Subject:** Re: Vélfag ehf. - Breytingar á stjórn  
**Date:** Monday, 8 September 2025 at 16:13:57 Greenwich Mean Time  
**From:** Gestur Gunnarsson  
**To:** Edda Laufey Laxdal  
**Attachments:** ~WRD0001.jpg

Sæl Edda Laufey,

Þetta svar er mótttekið. Áður en lengra er haldið, og án þess að bregðast efnislega við svarbréfinu, vil ég óska eftir því að upplýst sé hvort og hvenær ákvörðunar sé að vænta vegna krafna umbjóðanda míns um afléttingu þvingunaraðgerða og um heimild honum til handa til að leggja félaginu til fjármuni? Málsmeðferð ráðuneytisins felur það í sér að umbjóðanda mínum og Vélfagi ehf. er ráðinn hægur og kvalarfullur bani með þögn, útúrsnúningum og óræðum erindum.

Eins og ég benti á í síðustu viku getur ráðuneytið ekki reitt sig á ákvörðun Arion banka frá 8. júlí sl. Þegar fyrir liggur að frá því sú ákvörðun var tekin hefur bankinn fengið allar þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir frá umbjóðanda mínum ásamt því að sitja fund með umbjóðanda mínum, sem tekinn var upp í hljóði og mynd, þar sem starfsmönnum bankans og lögmanni bankans gafst kostur á að spyrja umbjóðanda minn spjörunum úr. Bankinn hefur þegar lýst því yfir að hann telji sér ekki heimilt að aflétta frystingu fjármuna, heldur sé það ráðuneytisins að aflétta frystingunni og þvingunaraðgerðunum sem henni fylgir. Sé ráðuneytið ósammála þeirri afstöðu bankans verður ráðuneytið að koma því á framfæri við bankann, svo umbjóðanda mínum og Vélfagi gefist kostur á að sækjast eftir því að fá ákvörðun bankans aflétt.

Þá er þess óskað að mér verði umsvifalaust send „ýmis skjöl og upplýsingar“ sem vísað er til í erindinu og sögð eru renna stöðum undir þann grun að fjárhagsleg tengsl kunni að vera til staðar milli umbjóðanda míns og Norebo JSC. Í bréfinu er vísað til þess að umbjóðanda mínum hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um gögnin. Þá er umbjóðandi minn sakaður um ósannsögli og um að setja fram fullyrðingar sem samræmist ekki gögnum málsins. Til þess að geta leiðrétt þetta er nauðsynlegt að umbjóðandi minn fái nánari upplýsingar um það í hverju meint ósannsögli er fólgin og hver gögnin séu.

Sem fyrr áskilur umbjóðandi minn sér allan rétt til hvers kyns úrræða sem honum standa til boða vegna aðgerða ríkisins og Arion banka. Það er verið að niðurlægja umbjóðanda minn fyrir opnum tjöldum. Ekki verður betur séð en að sú niðurlægging tengist því einna helst að umbjóðandi minn sé af erlendum uppruna. Slíkt má ekki viðgangast enda andstætt reglum um evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og stjórnarskránni.

Bestu kveðjur,  
Gestur

---

**From:** Edda Laufey Laxdal <[edda.laxdal@utn.is](mailto:edda.laxdal@utn.is)>

**Date:** Monday, 8 September 2025 at 15:16

**To:** Gestur Gunnarsson <[gestur@dls.is](mailto:gestur@dls.is)>

**Subject:** Vélfag ehf. - Breytingar á stjórn

Góðan dag.

Meðfylgjandi er svar ráðuneytisins við erindi Vélfags ehf. um tillögu að breytingum á stjórn félagsins.

Bestu kveðjur,  
Edda Laufey

Edda Laufey Laxdal, Lögfræðingur / Legal Advisor

Laga- og stjórnásluskristofa / Directorate for Legal and Executive Affairs  
Útanríkisráðuneytið / Ministry for Foreign Affairs  
Reykjastræti 8, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 9900  
[www.utn.is](http://www.utn.is) - [www.mfa.is](http://www.mfa.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

**From:** Arnaldur Starri Stefánsson <[Arnaldur@lex.is](mailto:Arnaldur@lex.is)>  
**Sent:** miðvikudagur, 13. ágúst 2025 15:45  
**To:** Bjarki Þórsson <[bjarki.thorsson@utn.is](mailto:bjarki.thorsson@utn.is)>; Edda Laufey Laxdal <[edda.laxdal@utn.is](mailto:edda.laxdal@utn.is)>  
**Cc:** Guðmundur Ingvi Sigurðsson <[gudmundur@lex.is](mailto:gudmundur@lex.is)>; Trausti Jónsson <[trausti@vex.is](mailto:trausti@vex.is)>; Guðjón M. Olafsson <[guo@velfag.com](mailto:guo@velfag.com)>  
**Subject:** Vélfag ehf. - Breytingar á stjórn [LEX-LEGAL\_ACTIVE.FID91308]

Góðan dag,

Til LEX hefur leitað félagið Vélfag ehf., kt. 410995-3019 og falið LEX að tilkynna utanríkisráðuneytinu um tillögu að breytingum á stjórn félagsins í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins frá 28. júlí sl., hvar félaginu var veitt undanþága á grundvelli 9. gr. laga nr. 68/2023.

Líkt og fram kemur í c-lið skilyrða í áðurnefndri ákvörðun ráðuneytisins skulu engar breytingar gerðar á stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins nema með heimild ráðuneytisins. Eins og komið hefur fram í fyrri samskiptum við ráðuneytið hefur So Ling Yip sagt sig úr stjórn félagsins og þarf því félagið að bregðast við og uppfæra stjórn þess. Á hluthafafundi í félaginu þann 30. júlí sl. samþykkti fundur því eftirfarandi stjórn fyrir félagið, með fyrirvara um samþykki ráðuneytisins:

- i. Ólöf Ýr Lárusdóttir (formaður stjórnar)
- ii. Bjarmi Arnfjörð Sigurgarðarsson (meðstjórnandi)
- iii. Ivan Nikolai Kaufmann (meðstjórnandi)
- iv. Silfá Huld Arnfjörð Bjarmadóttir (varamaður)

Í viðhengi má finna fundargerð umrædds hluthafafundar, ásamt tilkynningareyðublöðum vegna breytinganna.

Vélfag fer hér með góðfúslega fram á að ráðuneytið samþykki framangreindar breytingar hið fyrsta svo ganga megi frá skráningu uppfærðrar stjórnar. Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar.

Kveðja,  
Arnaldur

**Arnaldur Starri Stefánsson**

Lögfræðingur – Fulltrúi / Lawyer – Associate



Borgartún 26 | IS-105 Reykjavík  
Beint/Direct + (354) 590 2681 | GSM + (354) 843 9579  
Sími/Tel + (354) 590 2600 | [lex@lex.is](mailto:lex@lex.is) | [www.lex.is](http://www.lex.is)  
[Skilmálar / Disclaimer](#) | [Persónuverndarstefna / Privacy Policy](#)